

Svæðisráð foreldraráðs leikskóla haldinn 9. apríl 2019

Fundinn sátu Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson fræðslustjóri, fulltrúar foreldraráðs Kirkjubóls, Hæðarbóls, Hnoðrahólts og Sjálands og Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri á skóladeild.

Eftirfarandi málefni voru lögð fyrir:

- Almenn ánægja með starf leikskólanna í bænum.
- Viðhald lóða á Ökrum og Hæðarbóli
- Gjaldskrárhækkun, sumaropnanir og sundurliðuð gjöld
- Systkinaafsláttur frístunda og hvatapeningar
- Aðbúnaður á Hæðarbóli - þurrkaðstaða
- Bólusetningar - skylda
- Álag í byrjun skólaárs - betra skipulag funda
- Skólapúlsinn aðgengilegur á vef Garðabæjar

Komið var á framfæri athugasemdum við tréþall á Ökrum og útisvæði á Hæðarbóli en vatn safnast saman í pollum á tilteknum stöðum á lóðinni. Aðstæður í fataklefum á Hæðarbóli eru slakar og lítið rými fyrir fatnað barnanna. Þessi mál verða tekin áfram hjá Fræðslusviði.

Rætt var um að æskilegt væri að gjaldskrá leikskóla yrði sundurliðið nánar til að foreldrum sé ljóst í hverju kostnaður liggur. Einnig kom fram að lengri fyrirvari hefði mátt vera á tilkynningu á hækkun gjaldskrár. Málið tekið til skoðunar hjá Fræðslusviði.

Fram kom ósk um að hvatapeningur næðu til yngri barna en fimm ára og að systkinaafsláttur yrði tekin upp hjá íþróttafélögum. Fulltrúum foreldraráðs var bent á að vekja athygli á málinu við íþróttafélögin.

Spurt var um bólusetningar leikskólabarna, upplýst var um að leitað hefði verið áhlits um málið af hálfu Garðabæjar. Niðurstaðan er sú að ekki er hægt að fara fram á að bólusetning sé forsenda fyrir leikskóladvöl þar sem hún er ekki skylda.

Umræður voru um hvort hægt væri að samræma haustfundi milli leik- og grunnskóla og íþróttastarfsemi þar sem þær væru allar á sama tíma að hausti.

Rætt var um niðurstöður foreldrakönnunar varðandi Skólapúlsinn og hvernig niðurstöður þeirra eru birtar af hálfu leikskóla. Fulltrúi foreldra í leikskólanefnd tekur málið áfram.

Fundinn ritaði

Halldóra Pétursdóttir